



Fundur í Fræðslunefnd

35. fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn 19.september 2018 og hófst kl. 15. 00

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, og Daníel Hansen. Fundinn sátu einnig Elías Pétursson og Gunnar Gíslason ráðgjafi.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Kynning á skýrslu um skólamál.

Gunnar Gíslason höfundur skýrslunnar kynnti. Að því loknu viku Gunnar og Elías af fundi. Fræðslunefnd vill lýsa ánægju sinni með þessa skýrslu og góðar umræður sem spunnust út frá henni.

Bókun: Gunnar Gíslason ráðgjafi hefur kynnt fræðslunefnd skýrslu sína um skólamál í Langanesbyggð. Fræðslunefnd telur að skoða ætti sameiningu leik-og grunnskóla líkt og kynnt var í skýrslunni, þannig að tveir skólastjórar verði í einum skóla. Nefndin telur mjög mikilvægt að vanda vel undirbúning að fyrirhugaðri sameiningu og að kynna skýrsluna fyrir starfsfólki skólanna áður en afstaða/ákvörðun sveitarstjórnar verður kynnt.

Bókun samþykkt samhljóða.

2. Drög til kynningar á samningi um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla-og sérfræðiþjónustu leik-og grunnskóla.

Lögð fram til kynningar.

3. Starfsáætlun fræðslunefndar skólaárið 2018 – 2019.

Lögð fram til kynningar og stefnt að næsta fundi 25.09 2018.

4. Önnur mál.

Erindisbréf fræðslunefndar verður lagt fram á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.30